



STARFSLÝSING

Svið:

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar Leikskóli

Vinnustaður:

Starfsheiti:

SFS.2949.yfirþroskaþjálfari í leikskóla

Starfsheiti næsta yfirmanns:

SFS.2963.leikskólastjóri

Stéttarfélag:

Þroskaþjálfafélag Íslands

Ístarf númer:

Almennt um starfið

Markmið og tilgangur starfs

Yfirþroskaþjálfari starfar samkvæmt reglugerð um þroskaþjálfara, siðareglum þroskaþjálfara, lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga. Hann starfar eftir aðalnámskrá leikskóla, stefnu viðkomandi leikskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Yfirþroskaþjálfari starfar í leikskóla og sér um þjálfun barna og vinnur undir leiðsögn leikskólastjóra.

Sjá skal til þess að öll börn njóti jafnræðis, óháð uppruna, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, kynferði, kynhneigð, aldri, efnahag, ætterni, fötlun, heilsufari eða annarri stöðu.

Verksvið eða megin verkefni

- Vinna að fagstarfi fyrir börn í samræmi við starfsmarkmið SFS, menntastefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun leikskólans.
- Taka þátt í vinnu við starfsáætlun fyrir starfið í leikskólanum í samráði við stjórnendur og starfsfólk.
- Vinna að einstaklingsáætlunum í samvinnu við deildarstjóra, stuðningsstarfsmenn og aðra sérfræðinga eftir því sem við á.
- Framkvæmir athuganir og mat sem er hluti af sérkennsluferlinu.
- Athuganir og skráningar sem liður í snemmtækri íhlutun í samráði við foreldra og stjórnendur.
- Sinna málörvun barna, þar sem við á.
- Skipuleggja þjálfun, þjálfunaráætlun, fylgir eftir settum markmiðum, metur árangur og endurskoðar markmið í samvinnu við samstarfsaðila og teymi.
- Skipuleggja þjálfun barnsins þannig að það fari sem mest fram inn á deild og það taki þátt í leikskólastarfinu svo að barnið upplifi sig sem hluti af barnahópnum.
- Sjá um að börn þjálfist í margvíslegum aðstæðum og að þau öðlist sem besta færni í athöfnum dagslegs lífs.
- Sjá um upplýsingaöflun, ráðgjöf, þjálfun og fræðslu til starfsmanna leikskólans um fatlanir og þroskafrávik barna. Þannig að allir geti komið að þjálfun og umönnun þeirra.
- Aðstoða og leiðbeinir þroskaþjálfum og þeim sem sinna sérkennslu varðandi störf þeirra.
- Sjá um að skrifa tilvísanir og beiðnir.

- Sjá um að skrifa beiðni vegna fjármagns vegna hvers barns sem er með stuðning eða þarf stuðning.
- Sitja í stjórnendateymi leikskólans og skipuleggur innra starf með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Vinna með barnavernd þegar mál koma upp funda með þeim og skrifa tilkynningar til barnaverndar sem leikskólastjóri ber ábyrgð á.
- Stuðla að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðs fólks í leikskólanum
- Ber ábyrgð á teymisfundum og öðrum fundum s.s. þjálfunarfundi, skilafundi og fagfundi með foreldrum og öðrum sem koma að stuðningi barna hverju sinni.
- Skipuleggja og taka þátt í deildarfundum, samráðsfundum, starfsmannafundum og starfsdögum.
- Vinna í þverfaglegum teymum.
- Tengiliðir vegna farsældarlaga og Betri borg fyrir börn.
- Umsjón á lausnarteymi leikskólans.
- Taka þátt í starfsþróun leikskólans og eigin starfsþróun.

Önnur þau verkefni sem starfsmanni kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

Ábyrgð í starfi

- Ábyrgð með þroskaþjálfun og umönnun barna með fatlarnir og þroskafrávik í leikskólanum.
- Ábyrgð á samskiptum og ráðgjöf við fjölskyldur barna.
- Ábyrgð á upplýsingum og ráðgjöf vegna sérþarfa barna með fatlanir og þroskafrávik.
- Ábyrgð á skipulagningu og samræmingu á áætlanagerð.
- Ábyrgð á að börn með fatlanir njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma og stendur vörð um réttindi þeirra.
- Ábyrgð á samstarfi við stofnanir og fagaðila sem koma að þjálfun barna með fatlanir og þroskafrávik.
- Ábyrgð á að varðveisla og umhirða gagna og upplýsinga sem kunna að innihalda persónuupplýsingar uppfylli skilyrði persónuverndarlaga.
- Ábyrgð á að upplýsingar um atvik er varða börn komist til réttra aðila, t.d. stjórnendur, foreldra eða starfsmenn í samræmi við verklag.
- Ábyrgð á hjálpartækjum svo sem hjólastólum, spælkum, sondu, tölvubúnaði og öðru sem á þarf að halda.

Grunnkröfur

Menntun og/eða réttindi sem krafist er:

- Þroskaþjálf, starfsleyfi til að starfa sem þroskaþjálf.

Reynsla sem krafist er:

- Reynsla og þekking á sérkennslu og stuðningi í leikskóla og starfi með fötluðum börnum.
- Reynsla og þekking á starfsemi leikskóla.
- Reynsla af stjórnun æskileg.

Hæfni sem krafist er:

- Hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í verkstjórn og áætlanagerð.
- Góð íslenskukunnátta.

Samstarfsaðilar í starfinu:

Börn og foreldrar.

Samstarfsfólk og stjórnendur leikskóla.

Starfsfólk annarra leikskóla, grunnskóla eða frístundaheimila.

Sérfræðingar, t.d. á Miðstöðvunum, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins eða öðrum stofnunum, sem koma að málefnum barna á deildinni.

Vinnuaðstæður:

Vinnur við krefjandi aðstæður líkamlega og andlega s.s. ofbeldi, alvarlegt áreiti, hótanir og ógnandi hegðun.

Vinnur með búnað, t.d. hjólastóla, lyftur o.fl.

Vinnur oft í húsnæði sem ekki er hannað með þarfir fatlaðra einstaklinga í huga.

Sérverkefni starfsmanna:**Annað:**

Reykjavík, maí 2023

Undirskrift yfirmanns